

From: tryggvimagnus@gmail.com <tryggvimagnus@gmail.com>
Sent: föstudagur, 12. nóvember 2021 11:15
To: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>; sveitarstjori@skeidgnup.is
Subject: Hillrally á Íslandi 2022

Góðan dag,

Hér með sækir undirritaður, fyrir hönd keppnisstjórnar Hillrally á Íslandi 2022, um leyfi til að halda ofangreinda keppni á vegum sem undir sveitarfélagið falla til samræmis við meðfylgjandi leiðarlýsingu og tímaáætlun.

Til frekari glöggvunar þá eru þetta eftirtaldir vegir:

- a) Hluti línuvegurinn Sandöldum / Hvítá að Sultartanga frá sveitarfélagsmörkum við Hrunamannahrepp að afleggjaranum rétt eftir vaðið yfir Svartá. Síðasti hluti SS-9 á mynd á blaðsíðu 6 í meðfylgjandi leiðarlýsingu.
- b) Vegurinn frá línuvegi rétt eftir vaðið yfir Svartá að Skáldabúðum SS-10 á mynd á blaðsíðu 6 í meðfylgjandi leiðarlýsingu.

Við lýsingu á leiðinni hefur verið leitast við að gæta þess að nota vegnúmer og nöfn sem þekkt eru um viðkomandi veg eða slóða. Til frekari glöggvunar þá er að finna í lok skjalsins myndir þar sem búið er að teikna inná með rauðu fyrirhugaðar leiðir. Hins vegar þá er gróf skipting aksturs eftir dögum þannig:

Laugardagur 6. ágúst 2022: Ekið á vegum sunnan Langjökuls kringum Hlöðufell og í átt að Sultartanga
Sunnudagur 7. ágúst 2022: Ekið að mestu á vegum norðan F225 Dómadalsleið og austan Heklu

Hillrally er rally keppni sem haldin er á torfærum vegum þar sem notast verður við jeppa og er þessi keppni með sama sniði og sú sem haldin var í ágústmánuði síðastliðnum.

Keppnin er haldin samkvæmt lögum þeim og reglugerðum sem að akstursípróttum lúta og undir eftirliti Aksturípróttasambands Íslands.

Vakni einhverjar spurningar, endilega sláðu þá á þráðinn.

--

Fyrir hönd keppnisstjórnar Hillrally á Ísland 2022,
Tryggvi M. Þórðarson
GSM: +354 692 3672
Prentið aðeins af nauðsyn